

Reykjavík, 3. janúar 1997

Samkeppnisstofnun
b.t. Georg Ólafsson, forstjóri
Laugavegi 118
Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. B 121/840
komudagur 29/1 1997

Eins og Samkeppnisstofnun er kunnugt er nú til meðferðar í allsherjarnefnd Alþingis, frumvarp til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, þar sem m.a. er lagt til að nügildandi ákvæði um 2% hámarks sölubóknunar verði fellt niður, og í stað þess komi ákvæði um að samið skuli um þóknun og aðrar greiðslur hverju sinni.

Í bréfi Samkeppnisstofnunar til allsherjarnefndar Alþingis dags. 27. nóvember s.l. kemur fram, að stofnunin hafi ekki tekið afstöðu til þess hvort veigamikil rök standi til þess að viðhalda áfram í lögum ákvæði um hámarksþóknun fasteignasala, en í 16. gr. samkeppnislaga er samkeppnisyfirvöldum veitt heimild til þess að veita undanþágu frá meginreglunni um verðsamkeppni, t.d. ef sérstaka ástæður eru fyrir hendi er varða almannaheill. Jafnframt kemur fram í bréfinu að Samkeppnisstofnun telji að ekki sé unnt að taka afstöðu til þess hvort veigamikil rök kalli á undanþágu frá nefndri meginreglu nema að undangenginni athugun, en slík athugun hafi ekki farið fram í máli þessu af hálfu samkeppnisyfirvalda. Ítrekað er í lok bréfsins, að þar sem Samkeppnisstofnun hafi ekki gert sérstaka athugun á samkeppnisaðstæðum á fasteigna-, fyrirtækja og skipasöllumörkuðum sé hún ekki í stakk búin til að meta hvort veigamikil rök séu fyrir því að hafa í lögum ákvæði um hámarksþóknun.

Undirritaðir nefndarmenn í allsherjarnefnd Alþingis taka undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi Samkeppnisstofnunar. Við teljum nauðsynlegt að fram fari sérstök athugun á samkeppnisaðstæðum á fasteignamarkaðnum, til að auðvelda mat á því hvort rétt sé að afnema ákvæði nügildandi laga um 2% hámarksþóknun í fasteignaviðskiptum.

Við undirrituð förum þess hér með á leit, að á vegum Samkeppnisstofnunar verði látin fara fram umrædd athugun á samkeppnisaðstæðum á fasteignamarkaðnum.

Þar sem málið er nú til meðferðar í allsherjarnefnd, er þess óskað að umræddri athugun verði hraðað eins og kostur er.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Sigurðardóttir, alpm.

Guðný Guðbjörnsdóttir, alpm.

Ögmundur Jónasson, alpm.